

YFIRLÝSING

Undanfarin ár hafa eins og við vitum öll verið tími umróts og erfiðrar glímu. Öldur mótmæla knúðu á um stjórnarskipti og nýjar kosningar árið 2009; fjöldaaðgerðir lögðu svo grundvöll að tveimur þjóðaratkvæðagreiðslum til höfuðs ákvörðunum ríkisstjórnar og Alþingis í Icesave-málinu og nýlega söfnuðust þúsundir saman við Alþingishúsið til að krefjast afsagnar forsætisráðherra og nýrra þingkosninga.

Þótt okkur hafi að mörgu leyti miðað vel við lausnir á vandamálum sem sköpuðust í kjölfar bankahrunsins, sýna öldur mótmæla og hvernig brugðist var við þeim með því að forsætisráðherra sagði af sér og ákveðið var að flýta alþingiskosningum um heilt löggjafarþing, að ástandið er enn viðkvæmt, að stjórnvöld og kjörnir fulltrúar verða að vanda sig.

Í þessu umróti óvissu og mótmæla og í kjölfar nýliðinna atburða hefur fjöldi fólks víða að úr þjóðfélaginu á undanförunum vikum höfðað til skyldu minnar, reynslu og ábyrgðar og beðið mig að endurskoða ákvörðunina sem ég tilkynnti í nýársávarpinu, hvatt til þess að ég gefi á ný kost á mér til embættis forseta Íslands, standi áfram vaktina með fólkinu í landinu. Hefur þá iðulega verið vísað til þess að eftir alþingiskosningar geti myndun nýrrar ríkisstjórnar reynst erfið og flókin og sambúð þings og þjóðar áfram þrungin spennu.

Ýmsir höfðu að vísu á undanförunum mánuðum borið upp slíkt erindi en eftir atburði síðustu vikna og í ljósi óvissunnar framundan hefur sú alda þrýstings orðið ærið þung.

Þessi þróun hefur sett mig í vanda þar eð frelsið frá daglegum önnum togast á við skylduna sem óskir fólksins í landinu höfða til.

Ég geri mér grein fyrir því að ekki eru allir á þessari skoðun, telja að kominn sé tími til að annar skipi þetta embætti, en ég hef engu að síður orðið að horfast í augu við fjöldann sem lagt hefur hart að mér og höfðar til ábyrgðarinnar sem forsetinn ber, reynslu minnar og traustsins sem fólk hefur sýnt mér.

Ég hef því boðið ykkur hingað í dag til að tilkynna að eftir mikla umhugsun er niðurstaða mín sú að verða við þessum óskum og gefa kost á mér til endurkjörs í komandi forsetakosningum.

Ef niðurstaða þeirra kosninga yrði að þjóðin veldi annan sem hún treysti betur þá myndi ég taka því vel, óska honum eða henni allra heilla og ganga glaður til móts við frelsið.

Ef þjóðin kys hins vegar að fela mér að nýju ábyrgð og skyldur forsetans mun ég auðmjúkur þjóna áfram hagsmunum Íslands, standa vaktina með fólkinu í landinu.

Bessastöðum, 18. apríl 2016

A handwritten signature in black ink, reading "Ólafur Ragnar Grímur". The signature is written in a cursive, flowing style with a prominent initial 'Ó' and a long, sweeping tail for the 'r'.